

## Tuttugu ára afmæli Handís – Handleiðslufélags Íslands

Á þessu ári á Handís, Handleiðslufélag Íslands, 20 ára afmæli. Félagið var stofnað árið 2000 en að því standa einstaklingar sem veita faghandleiðslu. Félagsmenn Handís hafa lokið námi í faghandleiðslu og handleiðslutækni og koma þeir úr ýmsum starfsstéttum meðal annars mennta, heilbrigðis-og félagsmálþjónustu. Handís er ætlað háskólamenntuðu fólki sem hafa menntun, reynslu og þjálfun í að veita öðrum handleiðslu. Heimasíða Handís er [www.handleidsla.is](http://www.handleidsla.is)

Handleiðslufræði á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna. Fyrsta bókin um handleiðslu, bók Mary Richmond, *Social Diagnosis* kom út árið 1917, en þá voru önnur hugtök notuð yfir handleiðslu. Á Norðurlöndum var þróunin ör í handleiðslufræðum og þar er í dag víða skipulegt handleiðslukerfi innbyggt í stjórnun viðurkenndra meðferðastofnana. Handleiðslu hefur verið skilgreind sem aðferð til að þess að efla fagmennsku, vernda fagmanninn og tryggja gæði þjónustunnar. Handleiðsla nýtist því vel í tengslum við dagleg störf fagfólks þar sem miklar kröfur eru gerðar til sérfræðiþekkingar og starfsleikni, þar sem viðfangsefni og skjólstæðingar eru krefjandi og úrræði takmörkuð. Handleiðsla er yfir 100 ára gamalt fyrirbæri en hvaða erindi á hún til okkar í dag? Hvers vegna sækir fólk handleiðslu?

Í nútímasamfélagi er mikið rætt um streitu og kulnun í starfi og lífi. Hægt er að skilgreina vinnustreitu sem skaðleg líkamleg og tilfinningaleg viðbrögð starfsmanns við miklu vinnuálagi, sem getur leitt til andlegs og líkamlegs heilsubrests ef hún er langvarandi. Kulnun er afleiðing langvarandi vinnustreitu og einkennist af m.a. algerri örmögnun, áhugaleysi, og minnkaðri starfgetu. Handleiðsla er leið til að sporna við streitu og kulnun en í leiðinni tækifæri til að efla fagvitund fagmannsins og eigin áhrifamátt. Handleiðslu er hægt að nota til að byggja upp góð starfsskilyrði og jákvæða vinnustaðamenningu og í því samhengi er handleiðsla forvörn gegn kulnun í stað þess að vera viðbragð við starfspreytu og leiða

Oft er rætt um að starfsfólk í umönnunarstörfum sé útsett fyrir vinnustreitu og geta þá ástæður verið tengslin við skjólstæðingana, miklar kröfur til starfsfólks, faliðaður starfshópur, óljósar væntingar um starfshlutverk og takmarkað fjármagn til þjónustu.

Fundist hafa tengsl á milli stuðnings á vinnustað og starfsánægju ásamt því að stuðningur á vinnustað dregur úr líkum á streitu.

Handleiðsla byggir á ákveðnum samningi milli tveggja aðila um að samþætta fræðilega þekkingu, faglegt vinnulag og persónulega eiginleika. Áherslan er á lærdóms og þroskaferli fagmannsins og að aðgreina fagsjálf og einkasjálf. Kostir við að veita handleiðslu er að hún getur verið stjórnþæki til þróunar í starfi, aukið upplýsingaflæði og dregið úr streitu í starfi. Markmið handleiðslunnar er að hæfileikar hins handleidda njóti sín til fulls í starfi. Fagímynd allra hjálparstétta byggist m.a. á hæfni til að ná sambandi við skjólstaðinginn og gerir kröfur til persónulegs hugrekks auk faglegrar færni. Handleiðsla er aðferð til þess að efla fagmennsku, vernda fagmanninn og tryggja gæði þjónustunnar.

Því er óhætt að segja að vel skipulögð handleiðsla sem bæði er fagstuðningur og tilfinningalegur stuðningur tengdur starfinu stuðli að betri líðan starfsfólks, betri þjónustu og hagstæðari útkomu fyrir bæði starfsfólk og þjónustuþega.

Sigurlaug Eyjólfsdóttir, félagsráðgjafi/handleiðari, fulltrúi í stjórn Handís